



Fundargerð Aðalfundar

Dags 15. Janúar 2015 klukkan 20:00

Efni Fundar

1. Setning og kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setti fundinn og stakk upp á Hrafnkeli formanni. IBH sem fundarstjóra og var það samþykkt.

Stungjó var upp á Pétri Th. sem ritara og var það samþykkt.

2. Fluttar skýrslur stjórnar og gjaldkera

Formaður Ragnar Hilmarsson flutti skýrslu stjórnar, sjá fylgiskjal.

Nokkur umræða var um skýrslu stjórnar og var fráfarandi stjórn þökkuð hennar störf.

Gjaldkeri Áskell Fannberg lagði fram og gerði grein fyrir reikningum félagsins og tók fram að skoðunarmenn hefðu ekki haft tækifæri til að fara yfir reikningana.

Skýrsla stjórnar var samþykkt og reikningar félagsins með fyrirvara um samþykki skoðunarmanna.

3. Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum höfðu borist.

4. Árgjald ákveðið

Samþykkt að vísa ákvörðun um árgjald til stjórnar.

5. Kosinn formaður.

Formaður Ragnar Hilmarsson gaf kost á sér til endurkjörs og var það samþykkt einróma.

6. Kosning 3 meðstjórnenda

Þeir Gunnar Geir Halldórsson, Gunnar Freyr Gunnarsson og Pétur Th Pétursson gáfu allir kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Ekki komu fleiri uppástungur og voru þeir allir því sjálfkjörnir í stjórn til tveggja ára.



7. Kosning 2 skoðunarmanna og 1 til vara.

Stungið var upp á fráfarandi skoðunarmönnum, þeim Þórði Helgasyni, Daníel Helgasyni og Friðrik Friðrikssyni til vara og voru þeir samþykktir.

8. Kosnir fulltrúar á þing ÍBH og SÍL

Stjórninni falið að tilnefna fulltrúa á ÍBH og SÍL þing.

9. Kosin mótanefnd

Stjórninni falið að velja menn í mótanefnd.

10. Önnur mál

Rætt var um afmælisárið, en Siglingaklúbburinn á formlega 40 ára afmæli þann 19. Apríl 2015. Fram kom í máli manna að mikilvægt væri að ljúka við eldhúsaðstöðu inn af sal, koma góðri skikkan á áhaldamál klúbbsins. Einnig lagði formaður áherslu á að skipuð yrði afmælisnefnd til að standa fyrir afmælishófi í tilefni afmælisins. Gunnar Geir benti einnig á að mikilvægt væri að klúbburinn ætti félaga á verðlaunapalli í siglingakeppnum á árinu. Pétur Th. taldi afar mikilvægt að barnastarfið yrði öflugt á árinu.

Formaður IBH bar kveðju frá stjórn ÍBH þakkaði fyrir traustið sem honum var sýnt með því að velja hann sem fundarstjóra.

Formaður sleit fundi um kl. 22:00